

Ingen utom jag

Höfundur texta og mynda: Sara Lundberg
(Svíþjóð)
Natur och Kultur, 2024

Tilnefnd til barna- og unglingabókaverðlauna
Norðurlandaráðs 2025

Söguþráður: Mamman er bryggjan og barnið er báturinn, segir barnið sem er að leika sér á ströndinni. Svo leysir barnið hnútinn sem bindur bátinn við bryggjuna. Meðan mamman er að drekka kaffi og spjalla við aðra fullorðna manneskju heldur barnið út í tilfinningaríkan og ævintýrlegan heim á gúmmíbátnum sínum. Lesendur fá að fylgjast með því hvernig barnið lítur á heiminn, forvitnið og rannsakandi.

Efnisorð: ímyndunarafl, leikur, forvitni, hugrekki, sjálfstæði, sjónarhorn barns, sumar, náttúra, upplifanir



Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðaðu myndirnar með barninu. Er einhver opna bókarrinnar sem þið haldið sérstaklega upp á? Ræðið um litina í bókinni. Hvaða litir eru sérstaklega sumarlegir eða ævintýrlegir? Leikið að þið séuð að sigla í gúmmíbát. Hvert mynduð þið vilja fara? Gerið hreyfingar og myndið hljóð við myndirnar. Þú gætir til dæmis sýnt hreyfingar bátsins með líkamanum eða líkt eftir hvernig heyrir í vatninu. Fylgið ánni og barninu í bátnum með fingri gegnum bókina.

LEIKSKÓLABÖRN

- Skoðaðu það sem er framan á bókinni. Hvað sérðu? Á hvað heldurðu að barnið á myndinni sé að horfa?
- Skoðaðu myndirnar frá baðströndinni. Hvað myndi þig langa að gera á ströndinni? Virtu fólkið á myndunum vandlega fyrir þér. Þau eru öll ólík. Teiknaðu það sem þig myndi langa að gera á baðströnd. Gerið endilega stóra mynd af baðströnd saman.
- Leiktu að þú sitjir í bát og getir ferðast hvert sem þú vilt. Hvert myndir þú vilja fara? Hver myndi þig langa að hitta?

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

- Barnið í bókinni er í gúmmíbát og ímyndar sér að það geti farið hvert sem vill. Er einhver staður þar sem þér finnst sérstaklega gott að láta hugann reika? Segðu frá honum!
- Skoðaðu hvernig listakonan sýnir mikið og ólgandi vatn á myndunum. Til dæmis þegar barnið fellur fyrir borð eða þegar fer að rigna í lok bókarrinnar. Hvernig myndir þú teikna þetta? Reyndu að teikna hringiðu eða rigningarvatn. Hvaða liti myndir þú velja og hvers konar liti myndirðu nota; venjulega liti, tréliti eða vatnsliti? Eða kannski viltu nota alla í bland. Prófaðu þig áfram.
- Barnið í bókinni sáði fræi sem því var gefið. Gefið hverju barni/nemanda „galdrafræ“ (fræ af sumarblómi/sólblómi) og leyfið þeim að sá fræjunum. Teiknið líka „ímyndunarblómin“ ykkar. Sækið endilega hugmyndir í bókina.
- Setjist út með teiknidót ef veður leyfir. Takið eftir hvernig birta og skuggar setja svip sinn á náttúruna. Náið þið því á mynd?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

- Skoðaðu bókarkápuna! Ef þú lægir í gúmmíbát á sumardeg, á hvað myndirðu þá horfa eða hverju myndirðu taka eftir? Skrifaðu sumarljóð eða teiknaðu og segðu frá.

2. Barnið í bókinni leggur af stað út í einhvers konar ævintýri. Segðu frá því þegar þú gerðir eitthvað nýtt upp á eigin spýtur.

3. Í sögunni sjást þrjár verur fylgja barninu. Hverjar heldurðu að þær séu, eru þær vinir barnsins eða þykjustuvinir? Hvers vegna heldurðu að þær líti svona út?

4. Veldu blaðsíðu í bókinni þar sem er enginn texti. Skrifðu texta við myndirnar. Veltið fyrir ykkur í sam-
einingu hversu margar mismunandi sögur er hægt að segja um sömu myndina.

5. Sara Lundberg hefur myndskreytt margar bækur. Spurðu á bókasafninu þínu hvort þú getir fengið að láni eða pantað fleiri bækur eftir hana og skoðið myndirnar saman. Hvað vekur athygli þína við myndirnar? Hvernig heldurðu að vinnustofa Söru líti út þegar hún er að gera myndirnar sínar? Gætir þú hugsað þér að vinna sem myndahöfundur?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:


Glömdagen. Höfundur texta og mynda: Sara Lundberg

Joels färger. Höfundur texta og mynda: Isela Valve

Olli och Mo. Höfundur texta og mynda: Eva Lindström

MÁLAMOLI

"Gúmmibátur"



Fylgið Norræna bókagleypinum á Instagram til að fá hugmyndir að bókum sem gaman væri að lesa:
@nordiskabokslukaren